
F U N D A R G E R Ð

Fundur: 109. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími: Fimmtudagur 3. nóvember 2016, kl. 10:00-12:00
Fundarstaður: EFLA
Fundarefni: 1) Staða skráningar.
2) Kostnaður vegna skorts
3) Áætlun ársins 2016.
4) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

START:

Ragnar Stefánsson, Landsnet
Benedikt Einarsson, Orkuveita Reykjavíkur
Egill Sigmundsson, HS Veitur
Gunnar Haukur Gunnarsson, Norðurorka
Kjartan Rolf Árnason, RARIK
Birgir Örn Birgisson, Orkubú Vestfjarða
Rán Jónsdóttir, Orkustofnun

EFLA:

Ingvar Baldursson
Kolbrún Reinholdsdóttir

Fjarverandi:

Ragnar Emilsson, Orkubú Vestfjarða
Sigfús Guðlaugsson, Rafveita Reyðarfjarðar

109 fundur START hópsins.

1) Skráning trufanaskýrslna

Landsnet hefur tekið í notkun nýtt kerfi fyrir skráningu rekstrartruflanna, nokkrir hlutir á eftir að útfæra eins og skýrslugerð vegna ENTOSE. Að sögn Ragnars eru þeir langt komnir með að skrá truflanir október mánaðar. Það eru aðeins fleiri truflanir í ár miðað við meðalár (58 fyrirvaralausar truflanir, meðaltal er 55), en minna er um skerðingar.

Hjá RARIK er búið að skrá um 350 fyrirvaralausar trufanir og um 600 skýrslur í allt, sem er undir meðaltali. Um 2 mánaða seinkun er í skráningu skýrslna.

Hjá Veitum er svipaður fjöldi truflanatilvika. Það voru 1-2 truflanir með töluverðar skerðingar. Skráning gengur annars vel.

Hjá HS-Veitum er skráð jafnóðum nema í Vestamanaeyjum. Ný liðavernd í Fitjum olli útleysingu.

Hjá Orkubúi Vestfjarða er meira af viðhaldstilvikum. Búið er að setja línur í Dýrafirði og Barðastönd í streng og má vænta færri truflana þar.

Hjá Norðuorku er meira af viðhaldstilvikum. Engar bilanir í háspennukerfinu. Ein truflun tengdist kerfi Landsnets. Þeir eru með nýtt skáningarkerfi, skýrslur eru forskráðar í DMM, en það á eftir að færa yfir.

- 2) Kolbrún fór yfir skýrsluna „Kostnaður vegna raforkuskorts. Tölur til notkunar árin 2016 og 2017“. Farið var yfir töflur og myndir í skýrslunni.

Gunnar benti á að í töflu 3.1, er að kostnaður álpynnuverksmiðja eyskt verulega ef rafmagnsleysi er orðið 240 mínútur að lengd. Hélt að ef straumleysi væri lengra en 5 mínútur væri hætt á að framleiðslan skemmdist. Kolla ætlar að athuga þetta atriði.

Ragnar nefndi að þeir hjá Landsneti hafa fengið gagrýni á kostnaðartölum fyrir viðskipti og opinberar þjónustu. Hvert fara viðskiptin? Færast þau til í tíma og á milli verslanna? Hvert fer opinber þjónusta í tilfelli rafmagnsleysi? Kolbrún nefndi óþægjandi, þegar þjónusta er ekki veitt, og þá tapast virði þar.

Rætt um kostnað álvera.

Í töflu 4.3 er há tala fyrir Suðurnes. Gæti verið vegna flugstöðvar og gagnavera.

Kolbrún er búin að fara fyrir Garp skýrslur og skýrslur sem Kjartan hefur bent á. Sumar þessara skýrslna eru fræðilegar og það er ekki komin loka útgáfa Garp verkefnisins. Þar hafa aðilar skoða meira áreiðanleika en kostnað vegna skorts.

START hópurinn hefur rætt um að kostnaðartölur byggja á gömlum grunni og þjóðfélagið hefur breyst síðan þær voru fagnar. Kjartan nefndi að tæki væri viðkæmdir fyrir rafmagnstruflunum.

Landsnet er að nota þessar tölur til að rökstyðja nýjar framkvæmdar. Hjá RARIK eru þær hafðar til hliðsjónar varðandi vægi framkvæmda. Veitur eru ekki nýta sér þessar upplýsingar sem koma fram í skýrslunni. Gunnar nefndi að það væri gott að hafa þær. Fundarmenn eru á þeirri skoðun að nauðsynlegt væri að hafa þessar tölur.

Kjartan vill byggja útreikninga á nýjum tölum. Ragnar nefndi að ef farið væri í að breyta líkani ætti að huga að því að auðvelt væri að uppfæra það.

Rán nefndi að Evrópusambandi væri að óska eftir fleiri upplýsingum.

Kolbrún nefndi að ekki er verið að ræða um kostnað vegna bóta (kíli kostnað).

Tillaga Kolbrúnar og Jón Vilhjálmssonar er að á næsta ári væri aðferðafræði skoðuð, áður en breytingar væru gerðar eða undirbúa ætti skoðunarkönnun til að afla nýrra gagna.

Kolbrún ætlar að fara yfir þau atriði sem komu fram í umræðunni.

Festur til að gera athugasemd við skýrslu er vika.

- 3) Ingvar fór yfir áætlun um starfið á árinu 2016 og rauntölur um vinnu ársins 2015 sem verður líklega innan áætlun ársins bæði vegna sameiginlegra verkefna og fyrir sérgreind verkefni á fyrirtæki.

Breyting við gerða áætlun er auka tíma vegna endurskoðun á aðferðafræði verði 160 tímar í stað 100 tíma.

Áætlunin var samþykkt með þeim fyrirvara að aðilar/fundarmenn hafa viku eftir að endurskoðu áætlun og fundagerð er dreift, til að koma með athugasemdir.

- 4) Undir liðnum önnur mál.

a) „*Vefur* www.truflun.is“. Það er búið að laga vefinn, þannig að heiti fyrirtækja er orðið rétt. Ingvar óskaði eftir myndum og fréttum sem mætti setja á vefinn. Birgir lagði til að það væri tenging á vefsíðum fyrirtækjanna yfir á truflun.is.

b) „*Gæði raforku*“. Á síðasta fundi kom ósk um að taka saman upplýsingar um að sjá hverjar eru megin orsök truflana. Kolbrún sýni nokkrar myndir og var samþykkt að bæta þeim við skýrslu um „*Gæði raforku*“ á næsta ári.

c) „*Nýtt stjórnkerfi Veitna*“. Benedikt og Guðjón sýndu okkur nýtt stjórnkerfi Veitna, en það leysir af hólmi eldra kerfi, en nýtir núverandi útstöðvar.

Fleira ekki gert.

Ingvar Baldursson

Dreift var fyrir fundinn:

- Skýrsla: Kostnaður vegna raforkuskorts. Tölur til notkunar árin 2016 og 2017.
- Vinna fyrir starfshóp um rekstrartruflanir 2017, Verkefnishandbók

Sýnt var en ekki dreift:

- Glærur: kynning á skýrslu: „Kostnaður vegna raforkuskorts. Tölur til notkunar árin 2016 og 2017.“
- Glærur: Áætlun ársins 2016, rauntölur ársins 2016 og áætlun ársins 2017.

Verkefni:

Umsjón	Verkefni